

GJALDSKRÁ

fyrir akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í Múlaþingi.

1. gr.

Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk er gjaldfrjálst frá kl. 8-17 alla virka daga í þéttbýliskjörnum Múlaþings.

2. gr.

Varðandi akstur sem er samþykktur á grundvelli 4. mgr. 7. gr. reglna Múlaþings um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk, nr. 50/2022, er greitt á eftirfarandi hátt:

Í dreifbýli er gjald fyrir hverja ferð kr. 322. Að hámarki er greitt fyrir 10 ferðir á viku.

Varðandi sérstaka samninga sem félagsþjónustan gerir vegna ferðaþjónustu við einstaklinga er tekið mið af útreikningum FÍB, <https://www.fib.is/is/billinn/rekstrarkostnadur> samkvæmt þeirra viðmiðunum eru greiddar kr. 85,87 á hvern ekinn km (flokkur A, B, C, D og E 1.lið).

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í sveitarstjórn Múlaþings 14. desember 2022 er sett með stöð í 29. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og öðlast þegar gildi.

Múlaþingi, 20. desember 2022.

Björn Ingimarsson sveitarstjóri.